

**FRAMSELD ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/708****2021/EES/78/09****frá 15. febrúar 2019****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ákvörðun á því hvaða geirar og undirgeirar teljast vera í áhættu á kolefnisleka á tímabilinu frá 2021 til 2030 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (1), einkum 5. mgr. 10. gr. b,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda sé grundvallarreglan innan gildissviðs kerfisins til viðskipta með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).
- 2) Í október 2014 taldi leiðtogaáráðið að úthlutanir án endurgjalds ættu ekki að falla úr gildi og að gildandi ráðstafanir ættu að halda áfram eftir 2020 til að koma í veg fyrir áhættu á kolefnisleka vegna loftslagsstefnu svo fremi að ekki sé sýnd sambærileg viðleitni í öðrum helstu hagkerfunum. Til að viðhalda umhverfislegum ávinningi af losunarskerðingum í Sambandinu meðan ráðstafanir af hálfu þriðju landa veita iðnaðinum ekki sambærilega hvatningu til að draga úr losun ætti úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili að halda áfram til stöðva í geirum og undirgeirum sem eru í áhættu á kolefnisleka.
- 3) Sú reynsla sem fengist hefur af starfsemi viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir hefur staðfest að geirar og undirgeirar eru í mismikilli áhættu á kolefnisleka og að úthlutun án endurgjalds hafi komið í veg fyrir kolefnisleka. Þó að sumir geirar og undirgeirar geti talist vera í meiri áhættu á kolefnisleka geta aðrir velt talsverðum hluta kostnaðar af losunarheimildum vegna losunar sinnar út í vöruverð án þess að tapa markaðshlutdeild og bera einungis eftirstandandi hluta kostnaðarinn þannig að þeir eru í lítilli áhættu á kolefnisleka. Til að bregðast við áhættu á kolefnisleka var í 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að taka saman skrá yfir geira og undirgeira sem teljast vera í áhættu á kolefnisleka. Þessir geirar og undirgeirar eiga að fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds sem nema 100% af þeim fjölda sem er ákvarðaður í samræmi við 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.
- 4) Með ákvörðun sinni 2014/746/ESB (2) tók framkvæmdastjórnin saman skrá yfir kolefnisleka fyrir tímabilið 2015 til 2019. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 (3) var gildistími skrárinnar yfir kolefnisleka framlengdur til 31. desember 2020.
- 5) Í 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB eru settar fram viðmiðanir fyrir mat sem byggt er á gögnum frá næstliðnum þremur almanaksárunum sem lágu fyrir. Að því er þetta varðar notaði framkvæmdastjórnin gögn frá árunum 2013, 2014 og 2015 vegna þess að þegar matið var framkvæmt lágu ekki fyrir gögn frá 2016 nema varðandi hluta af breytunum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB frá 27. október 2014 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019 (Stjtið. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 114).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

- 6) Í því skyni að taka saman skrá yfir kolefnisleka fyrir árin 2021–2030 lagði framkvæmdastjórnin mat á áhættu á kolefnisleka í geirum og undirgeirum í Sambandinu á grundvelli 4. þreps atvinnugreinaflokks Evrópusambandsins (NACE-4) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 <sup>(4)</sup>. Í 4. þrepi atvinnugreinaflokks Evrópusambandsins er tiltækileiki gagna eins og best verður á kosið og geirarnir skilgreindir nákvæmlega. Geiri er tilgreindur út frá fjögurra tölustafa þrepi í atvinnugreinaflokks Evrópusambandsins og undirgeiri er tilgreindur út frá sex eða átta tölustafa þrepi í vöruskrá ESB, þ.e. flokkun á vörum sem eru notaðar við hagskýrslugerð um iðnaðarframleiðslu í Sambandinu og leiðir beint af atvinnugreinaflokks Evrópusambandsins.
- 7) Kolefnislekamatið var framkvæmt í tveimur áföngum. Að því er varðar meginlegt fyrsta stigs mat í 4. þrepi atvinnugreinaflokks Evrópusambandsins (NACE-4) telst geiri vera í áhættu á kolefnisleka ef „kolefnislekavísir“ fer yfir viðmiðunarmörkin 0,2 sem sett eru fram í 1. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB. Í einstaka tilvikum, sem uppfylltu skýrt ákvarðaðar hæfisviðmiðanir sem eru tilgreindar í 2. og 3. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, var „annars stigs mat“ framkvæmt, annaðhvort sem eigindlegt mat með tilgreindum viðmiðunum eða sem meginlegt mat á aðgreiningarstigi.
- 8) Kolefnislekavísirinn var reiknaður út, í samræmi við 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, með því að margfalda umfang viðskipta geirans við þriðju lönd með losunarumfangi geirans.
- 9) Í samræmi við 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB var umfang viðskipta við þriðju lönd reiknað út sem hlutfallið milli heildarverðmætis útflutnings til þriðju landa, að viðbættu verðmæti innflutnings frá þriðju löndum, og heildarstærðar markaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu (árleg velta að viðbættum heildarinnflutningi frá þriðju löndum). Framkvæmdastjórnin lagði mat á umfang viðskipta fyrir hvern geira og undirgeira á grundvelli gagna sem Hagstofa Evrópusambandsins gaf skýrslu um í Comext-gagnagrunninn. Framkvæmdastjórnin telur að þetta séu heildstæðustu og áreiðanlegustu gögnin um heildarverðgildi útflutnings til þriðju landa og innflutnings frá þriðju löndum sem og um heildarveltu á ári í Sambandinu.
- 10) Losunarumfang var reiknað út sem summa beinnar og óbeinnar losunar fyrir hlutaðeigandi geira, deilt með vergu vinnsluvirði, og er mælt í kg af koltvísýringi, deilt með evrum. Framkvæmdastjórnin telur að viðskiptadagbók Evrópusambandsins sé nákvæmasta og gagnsæjasta heimildin um gögn um losun koltvísýrings frá stöðvum og þau hafa því verið notuð til að reikna út beina losun fyrir geirana. Stöðvum var skipt niður á geira á 4. þrepi atvinnugreinaflokks Evrópusambandsins (NACE-4) á grundvelli upplýsinga um stöðvarnar sem aðildarríkin létu í té í framkvæmdarráðstöfunum á landsvísu sem lagðar voru fram skv. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB <sup>(5)</sup>. Að því er varðar mat á vergu vinnsluvirði innan atvinnugreina voru notuð gögn úr hagskýrslum Hagstofu Evrópusambandsins um skipulag fyrirtækja þar eð þau eru talin vera nákvæmasta heimildin.
- 11) Til að ákvarða óbeina losun eru gögn um raforkunotkun, sem safnað er beint frá aðildarríkjunum vegna þess að gögn frá ESB-28 hafa ekki verið tiltæk, talin vera nákvæmasta heimildin. Raforkulosunarstuðullinn er notaður til að umreikna raforkunotkun yfir í óbeina losun. Framkvæmdastjórnin notaði meðaltal raforkuframleiðslublöndu ESB sem viðmiðunargildi. Þetta byggist á heildarmagni árlegrar losunar frá orkugeiranum í Sambandinu frá öllum upptökum raforkuframleiðslu í Evrópu, deilt með samsvarandi magni raforkuframleiðslu. Raforkulosunarstuðullinn hefur verið uppfærður til að taka tillit til afkolunar raforkukerfisins og aukinnar hlutdeildar endurnýjanlegra orkugjafa. Nýja gildið ætti að vera með tilvísun til 2015 sem er samræmt gögnum frá næstliðnum þremur almanaksárunum sem lágu fyrir (2013–2015). Uppfærða gildið er 376 grömm af koltvísýringi á hverja kílóvattstund.
- 12) Í 2. og 3. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um ítarlegar reglur um rétt tiltekinna geira og undirgeira til að fá annað mat ef þeir ná ekki að uppfylla helstu viðmiðunina til að vera færðir á skrána yfir kolefnisleka. Í tilvikum þar sem kolefnislekavísirinn var á bilinu 0,15 til 0,2 getur geiri hafa farið fram á að eigindlegt mat yrði framkvæmt samkvæmt viðmiðununum sem lýst er í 2. mgr. 10. gr. b í þeirri tilskipun. Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. b gátu geirar og undirgeirar með losunarumfang sem fór yfir 1,5 sótt um annaðhvort eigindlegt mat eða meginlegt mat á aðgreiningarstigi (sex eða átta tölustafa þrep í vöruskrá ESB). Geirar og undirgeirar, sem úthlutun án endurgjalds er reiknuð út fyrir á grundvelli viðmiðana hreinsunarstöðva, áttu einnig rétt á að sækja um báðar tegundir mats. Þessir geirar og undirgeirar, sem eru skráðir í lið 1.2 í viðaukanum við ákvörðun 2014/746/ESB, áttu rétt á að leggja fram umsóknir um meginlegt mat á aðgreiningarstigi.

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokks Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90, sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrsluvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

- 13) Samráð á Netinu fór fram frá nóvember 2017 til febrúar 2018 og þar var hagsmunaaðilum boðið að láta í ljós skoðanir um val á aðferð til að ákvarða skrána yfir kolefnisleka. Svarendur voru almennt meðfylgjandi annars stigs mötum sem yrðu jafn traust, sanngjörn og gagnsæ og fyrsta stigs meginleg mót og lýstu yfir stuðningi við samræmdan matsramma þar sem hagsmunaaðilar taka þátt. Fjórir fundir fóru fram til að taka saman skrána yfir kolefnisleka og frekari vinna varðandi mót sem átti að framkvæma með aðildarríkjunum og hagsmunaaðilum á bilinu febrúar til maí 2018.
- 14) Framkvæmt var mat á áhrifum <sup>(6)</sup> til að tryggja að fyrsta stigs mót og annars stigs mót fyrir skrána yfir kolefnisleka 2021–2030 yrðu framkvæmd á samanburðarhæfan hátt, þ.e. að bæði mötin tryggi að einungis gearar sem eru í áhættu á kolefnisleka séu greindir. Mat á áhrifum beindist að rekstrarlegum valkostum í tengslum við rammann fyrir annars stigs mat.
- 15) Hinn 8. maí 2018 var birt bráðabirgðaskrá yfir kolefnisleka fyrir 2021–2030 <sup>(7)</sup> ásamt leiðbeiningarskjali framkvæmdastjórnarinnar um ramma fyrir eigindleg og meginleg mót <sup>(8)</sup> á aðgreiningarstigi.
- 16) Mót sem byggðust á viðmiðununum sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB voru framkvæmd í nokkrum geirum sem töldust ekki vera í áhættu á kolefnisleka á grundvelli meginlegu viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. 10. gr. b.
- 17) Framkvæmdastjórnin lagði mat á samtals 245 iðnaðargeira sem eru flokkaðir undir deildirnar „námuþróftur og vinnsla hráefna úr jörðu“ og „framleiðsla“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins. Geirarnir og undirgeirarnir sem eru tilgreindir í 1. lið viðaukans við þessa ákvörðun uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB og ættu að teljast vera í áhættu á kolefnisleka.
- 18) Eigindleg mót sem byggðust á viðmiðununum sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB voru framkvæmd í nokkrum geirum. Ef um er að ræða geirana „salt nám“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 0893), „frágangur á textílum“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 1330), „framleiðsla á efnum til lyfjagerðar“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2110), „framleiðsla á heimilissvörum og skrautmunum úr leir og postulíni“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2341), „framleiðsla á hreinlætistækjum úr leir og postulíni“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2342) og „framleiðsla á byggingarvörum úr brenndum leir“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2332) var komist að þeirri niðurstöðu að það sé réttlætlanlegt að bæta þessum geirum á skrána yfir kolefnisleka. Því ætti að líta svo á að þessir gearar teljist vera í áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2021–2030.
- 19) Ef um er að ræða geirann „brúnkolanám“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 0520) komu ýmsir annmarkar í ljós í eigindlegu mati sem var framkvæmt, þ.m.t. sú staðreynd að ekki er hægt að líta svo á að geirinn verði fyrir áhrifum af beinum kostnaði við losun og efasemdir varðandi tengingar á milli samkeppni innan Sambandsins frá öðrum eldsneytisgjöfum og kolefnisleka. Sýnt var fram á einhverja svæðisbundna samkeppni frá brúnkolvirkjunum utan Sambandsins þó svo að mat í gervöllu Sambandinu staðfesti afskaplega takmarkaða áhættu frá ytri samkeppni. Þess vegna var komist að þeirri niðurstöðu að það teldist ekki réttlætlanlegt að bæta þessum geira við á skrána yfir geira og undirgeira sem teljast vera í áhættu á kolefnisleka.
- 20) Þrjár umsóknir bárust frá geirum sem voru ekki í bráðabirgðaskránni yfir kolefnisleka: „Vinnsla á jarðgasi“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 0620), „framleiðsla á byggingarefni úr gífsi“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2362) og „steypa léttmálma“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2453). Matið á þessum umsóknum beindist að rétti þeirra til að vera í skránni yfir kolefnisleka á grundvelli meginlegs fyrsta stigs mats í 4. þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE-4). Opinber gögn, sem voru notuð til að framkvæma fyrsta stigs mót, voru send til hagsmunaaðila og talin nægilega traust til að birta bráðabirgðaskrána yfir kolefnisleka. Framkvæmdastjórnin fór yfir viðbótarupplýsingarnar sem geararnir þrír lögðu fram í umsóknum sínum en taldi ekki að þetta réttlætti breytingu á upphaflegu stöðunni. Áfram er litið svo á að þessir gearar teljist ekki vera í áhættu á kolefnisleka þar eð viðeigandi kolefnislekavísar fara ekki yfir viðmiðunarmörkin 0,2 sem sett eru fram í 1. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB. Enn fremur uppfylla þessir gearar enn ekki hæfisviðmiðanir fyrir frekari mót eins og sett er fram í 2. og 3. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.
- 21) Meginleg mót á aðgreiningarstigi sem byggðust á viðmiðununum sem settar eru fram í 1. og 3. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB voru framkvæmd í nokkrum undirgeirum. Ef um er að ræða undirgeirana: „Kaólin og annar kaólinleir“ (kóði 08.12.21 í vöruskrá ESB), „frystar kartöflur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. kartöflur matreiddar eða hálfmatreiddar í olíu og síðan frystar, þó ekki með ediki eða ediksýru)“ (kóði 10.31.11.30 í vöruskrá ESB), „fin- eða grófmalað mjöl, flögur, kirmi eða kögglar úr þurrkuðum kartöflum“ (kóði 10.31.13.00 í vöruskrá ESB), „þykkt tómatauk“ (kóði 10.39.17.25 í vöruskrá ESB), „undanrennuduft“ (kóði 10.51.21 í vöruskrá ESB), „nýmjólkurduft“, (kóði 10.51.22 í vöruskrá ESB), „kasein“ (kóði 10.51.53 í vöruskrá ESB), „laktósi og laktósasiróp“ (kóði 10.51.54 í vöruskrá ESB), „mysa og umbreytt mysu í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, einnig niðurseydd

<sup>(6)</sup> Vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar SWD (2019) 22.

<sup>(7)</sup> Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um bráðabirgðaskrá yfir kolefnisleka 2021–2030 (Stjtíð. ESB C 162, 8.5.2018, bls. 1).

<sup>(8)</sup> [https://ec.europa.eu/clima/sites/clima/files/ets/allowances/leakage/docs/framework\\_for\\_qualitative\\_assessments.pdf](https://ec.europa.eu/clima/sites/clima/files/ets/allowances/leakage/docs/framework_for_qualitative_assessments.pdf)  
[https://ec.europa.eu/clima/sites/clima/files/ets/allowances/leakage/docs/framework\\_for\\_disaggregated\\_assessments.pdf](https://ec.europa.eu/clima/sites/clima/files/ets/allowances/leakage/docs/framework_for_disaggregated_assessments.pdf)

eða með viðbættum sætuefnum“ (kóði 10.51.55.30 í vöruskrá ESB), „ger til baksturs“ (kóði 10.89.13.34 í vöruskrá ESB), „bræðsluhæft smelt og glerungur, engób (slips) og áþekk framleiðsla fyrir leirmunagerð, smeltun eða gleriðn“ (kóði 20.30.21.50 í vöruskrá ESB), „fljótandi gljáefni og áþekk framleiðsla, glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur“ (kóði 20.30.21.70 í vöruskrá ESB) og „opin mótasmíði járnhluta fyrir driifsköft, sveifarása, kambása og sveifar o.s.frv.“ (kóði 25.50.11.34 í vöruskrá ESB) var komist að þeirri niðurstöðu að það sé réttlæt看legt að bæta þessum undirgeirum á skrána yfir kolefnisleka. Því ætti að líta svo á að þessir undirgeirar teljist vera í áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2021–2030.

- 22) Ef um er að ræða undirgeirana “kakaódeig, einnig fitusneytt“ (kóði 10.82.11 í vöruskrá ESB), „kakaósmjör, kakaófeiti og kakaóolía“ (kóði 10.82.12 í vöruskrá ESB) og „kakaóduft, án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna“ (kóði 10.82.13 í vöruskrá ESB) leiddu megindeleg mót á aðgreiningarstigi, sem voru framkvæmd, í ljós nokkur frávik frá samræmdu aðferðafræðinni sem leiða til áhættu á verulegu ofmati á kolefnislekavísínum. Þess vegna var komist að þeirri niðurstöðu að það teldist ekki réttlæt看legt að bæta þessum undirgeirum við á skrána yfir kolefnisleka.
- 23) Þar eð skráin yfir kolefnisleka á að gilda fyrir tímabilið 2021–2030 ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### *1. gr.*

Litið skal svo á að geirarnir og undirgeirarnir sem eru tilgreindir í viðaukanum teljist vera í áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2021 til 2030.

##### *2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## VIÐAUKI

## Geirar og undirgeirar sem teljast skv. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB vera í áhættu á kolefnisleka

## 1. Byggt á viðmiðunum sem settar eru fram í 1. mgr. 10 gr. b í tilskipun 2003/87/EB

Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins	Lýsing
0510	Steinkolanám
0610	Vinnsla á hráolíu
0710	Járnnám
0729	Nám annarra málma en járn
0891	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar
0899	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu, ót. a.
1041	Framleiðsla á olíu og feiti
1062	Framleiðsla á mjólva og mjölvavöru
1081	Sykurframleiðsla
1106	Maltgerð
1310	Forvinnsla og spuni á textíltrefjum
1395	Framleiðsla á ófnum trefjadúk og vörum úr þeim, þó ekki fatnaði
1411	Framleiðsla á leðurfatnaði
1621	Framleiðsla á viðarspæni og plötum að grunni til úr viði
1711	Framleiðsla á pappírskvoðu
1712	Framleiðsla á pappír og pappa
1910	Koksframleiðsla
1920	Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum
2011	Framleiðsla á iðnaðargasi
2012	Framleiðsla á lit og litarefnum
2013	Framleiðsla á öðrum ólífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar
2014	Framleiðsla á öðrum lífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar
2015	Framleiðsla á tilbúnum áburði og köfnunarefnissamböndum
2016	Framleiðsla á plasthráefnum
2017	Framleiðsla á syntetísku gúmmí til úrvinnslu
2060	Framleiðsla gerviþráðar
2311	Framleiðsla á flotgleri
2313	Framleiðsla á glerlátum

Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins	Lýsing
2314	Framleiðsla á glertrefjum
2319	Framleiðsla og vinnsla á öðru gleri, þ.m.t. glervara til tæknilegra nota
2320	Framleiðsla á eldföstum vörum
2331	Framleiðsla á flísum og hellum úr leir
2351	Sementsframleiðsla
2352	Kalk- og gífsframleiðsla
2399	Framleiðsla á öðrum ótöldum vörum úr málmausum steinefnum
2410	Framleiðsla á járn, stáli og járnbendi
2420	Framleiðsla á rörum, pípum, holum prófílum og tengihlutum úr stáli
2431	Kalldráttur stanga
2442	Álframleiðsla
2443	Blý-, sink- og tinframleiðsla
2444	Koparframleiðsla
2445	Framleiðsla annarra málma sem ekki innihalda járn
2446	Framleiðsla á kjarnorkueldsneyti
2451	Járnsteypa

## 2. Byggt á viðmiðunum sem settar eru fram í 2. mgr. 10 gr. b í tilskipun 2003/87/EB

Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins	Lýsing
0893	Saltnám
1330	Frágangur á textílum
2110	Framleiðsla á efnum til lyfjagerðar
2341	Framleiðsla á heimilisvörum og skrautmunum úr leir og postulíni
2342	Framleiðsla á hreinlætistækjum úr leir og postulíni

## 3. Byggt á viðmiðunum sem settar eru fram í fyrstu undirgrein 3. mgr. 10 gr. b í tilskipun 2003/87/EB

Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins	Lýsing
2332	Framleiðsla á byggingarvörum úr brenndum leir

## 4. Byggt á viðmiðunum sem settar eru fram í fimmtu undirgrein 3. mgr. 10 gr. b í tilskipun 2003/87/EB

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
081221	Kaólin og annar kaólinleir
10311130	Frystar kartöflur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. kartöflur matreiddar eða hálfmatreiddar í olú og síðan frystar, þó ekki með ediki eða ediksýru)

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
10311300	Fín- eða grófmalað mjöl, flögur, kynni eða kögglar úr þurrkuðum kartöflum
10391725	Þykkt tómatauk
105121	Undanrennuþuft
105122	Nýmjólkurþuft
105153	Kasein
105154	Laktósi og laktósasíróp
10515530	Mysa og umbreytt mysa í formi þufts, korns eða í öðru föstu formi, einnig niðurseydd eða með viðbættum sætuefnum
10891334	Ger til baksturs
20302150	Bræðsluhæft smelt og glerungur, engób (slips) og áþekk framleiðsla fyrir leirmunagerð, smeltun eða gleriðn
20302170	Fljótandi gljáefni og áþekk framleiðsla, glerfrit og annað gler sem þuft, korn eða flögur
25501134	Opin mótasmíði járnhluta fyrir drifsköft, sveifarása, kambása og sveifar o.s.frv.